



## Fréttabréf hjúkrunar á Landspítala 2020

Útgefandi: Sigríður Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítala.

Ritstjórn: Eygló Ingadóttir og Þorgerður Ragnarsdóttir hjúkrunarfræðingar og verkefnastjórar.

Myndir: Þorkell Þorkelsson ljósmyndari Landspítala

## Covidárið 2020



Þetta undarlega ár sem af Alþjóðlegu heilbrigðismálastofnuninni var tileinkað hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum, á eflaust á eftir að verða efniviður í kvikmyndir og bækur. Árið hófst með því að óljósar fréttir bárust frá Wuhan-borg í Kína um nýja kórónuveiru sem ylli alvarlegum öndunarfærasýkingum. Veiran fékk nafnið Covid-19. Fyrsta smitið á Íslandi greindist í lok febrúar og síðan má segja að árið hafi verið eitt samfelldt lærdómsferli fyrir allt samfélagið. Fyrir árslok var búið að takast á við þrjár Covid-bylgjur á Íslandi með tæplega 6000 smitum. Það reyndi á þol og sveigjanleika íslenska heilbrigðiskerfisins, ekki síst á Landspítala sem annaðist flesta þeirra sem þurftu á sjúkrahúsinnlögn og gjörgæsluvist að halda. Nánari tölfræðiupplýsingar um sjúkdóminn á Íslandi er hægt að skoða á [covid.is](https://www.covid.is) Hópsýking á öldrunardeildum á Landakoti, sem leiddi til andláta sjúklinga, var mikið áfall. Í ljósi þess hversu alvarleg hópsýkingin var og afleiðingar hennar var ráðist í greiningu innan Landspítala svo hægt væri að læra af henni og leita leiða til að fyrirbyggja að sambærilegur atburður gæti endurtekið sig. Hægt er að lesa [greiningu Landspítala á hópsýkingunni hér](#) en Embætti Landlæknis hefur einnig hafið rannsókn á henni eins og vera ber. Starfsemi Landspítala hefur verið umbylt tvisvar til að bregðast við nýjum aðstæðum. Í gegnum allt ferlið hefur mætt mikið á öllu starfsfólki spítalans sem hefur jafnframt sýnt ótrúlega aðlögunarhæfni, útsjónarsemi og frumleika við nýsköpun. Liðsauki barst með bakvarðasveitum utan Landspítala og er öllum bakvörðunum sem mættu til leiks þökkun ómetanleg aðstoð. Margir hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar hafa tekist á við ný hlutverk, t.d. á deildum sem tóku á móti Covid-sjúklingum. Stofnuð var sérstök Covid göngudeild sem hefur skoðað sjúklinga og veitt þeim meðferð, sinnt reglulegum símtölum til allra sem eru smitaðir af Covid-19 og veitt heilbrigðisstarfsfólki af öllu landinu ráðgjöf. [Hér má sjá myndband](#) um Covidgöngudeildina frá því í apríl 2020. Þann 28. desember 2020 var svo byrjað að bólusetja forgangshópa gegn veirunni. Vonandi þurfum við ekki að takast aftur á við slíkar áskoranir í bráð.

En það var fleira en Covid-19 á Landspítala árið 2020 og fjöldi annarra sjúklinga naut hér þjónustu. Unnið var að margvíslegum umbótum og þróunarverkefnum innan hjúkrunar og þverfaglega. Þessu fréttabréfi er ætlað að tæpa á nokkru af því sem hafði áhrif á hjúkrun á Landspítala á árinu 2020.

## Skipulag og samráð um hjúkrun



- **Fagráð og stefnuráð hjúkrunar og ljósmóðurfræða á Landspítala.** Skipulag fagráða í hjúkrun og ljósmóðurfræðum var endurskoðað í kjölfar skipulagsbreytinga á Landspítala árið 2019. Fagráðin eru mynduð af sérgreinum hjúkrunar- og ljósmóðurfræða og er hlutverk þeirra m.a. að móta stefnu um þjónustu, gæði, rannsóknir og kennslu. Fagráðunum er einnig ætlað að vera stjórnendum til ráðgjafar um fagleg málefni og eru vettvangur samráðs milli deilda, kjarna og sviða. Helstu breytingarnar eru að nú skal vera eitt fagráð innan hvers kjarna en heimilt er að stofna faghópa að vild. Einnig eru nokkur fagráð sem heyra beint undir framkvæmdastjóra hjúkrunar. Stefnuráð hjúkrunar er upplýsinga- og samráðsvettvangur framkvæmdastjóra hjúkrunar við sérfræðinga og stjórnendur í hjúkrun, en fundir eru haldnir 3-4 sinnum á ári. Fundirnir eru ýmist upplýsingafundir eða vinnufundir. Í upphafi árs 2021 verður stjórn stefnuráðs skipuð í fyrsta sinn. Nánari upplýsingar um fagráð og stefnuráð er hægt að lesa á innri vef, sjá [hér](#).
- **Hjúkrunarráð.** Hjúkrunar- og lækningaráð Landspítala hafa formlega verið lögð niður samkvæmt breytingu á [lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007](#). Þeirra í stað verða stofnuð fagráð á heilbrigðisstofnunum. Hjúkrunarráð og fræðslunefnd þess hefur um árabíl staðið fyrir áhugaverðri fræðslu. Fræðsludagskrá ársins 2020 er hægt að nálgast [hér](#). Instagramsíða hjúkrunarráðs, [@hjukrunarrad2020](#), var opnuð á árinu en markmið hennar er að kynna ólík störf hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra á Landspítala. Þessi síða hefur notið töluverðra vinsælda og stefnt er að því að halda henni áfram þó hjúkrunarráð sé ekki formlega starfandi. Hjúkrunarráð stóð einnig fyrir hlaðvarpspáttum innan Landspítala þar sem rætt var við brautryðjendur í hjúkrun. Hægt er að hlusta á hlaðvarpið á Spotify eða í [Hlaðvarpi Landspítala](#). Stefnt er að því að halda áfram gerð þessarar hlaðvarpsseríu.
- **Stýrinefnd um skráningu hjúkrunar.** Stýrinefnd um skráningu hjúkrunar var endurvakin á Landspítala á haustmánuðum 2020. Skv. erindisbréfi er hlutverk stýrinefndar m.a. að þróa og innleiða nýjungar í upplýsingatækni, vinna að þróun hjúkrunarskráningar og útkomumælinga, stuðla að samþættingu hjúkrunarskráningar í sjúkraskrárkerfum og margt fleira.

- **Evrópudagur sjúkraliða.** Evrópudagur sjúkraliða var 26. nóvember 2020 en markmið dagsins er að vekja athygli á störfum sjúkraliða og mikilvægu hlutverki þeirra innan heilbrigðiskerfisins. Á Landspítala var gert [myndband](#) af þessu tilefni þar sem m.a. var rætt við Söndru B. Franks formann Sjúkraliðafélags Íslands og bakvarðar í þriðju Covidbylgjunni. Viðmælendur varpa ljósi á hvernig sjúkraliðar gegna lykilhlutverki í að tryggja öryggi og velferð sjúklinga. Þeir sinna grunnþörfum sjúklinga, fylgjast með næringu, útskilnaði og lífsmörkum, gæta sýkingavarna, fyrirbyggja byltur og þrýstingssár og síðast en ekki síst, veita sjúklingum og aðstandendum líkamlegan og andlegan stuðning.
- **Breytum staðalímyndum.** Jafnréttisnefnd Landspítala og hjúkrunarfræðideildir Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri fengu 19. júní 2020 veglegan styrk úr Jafnréttissjóði til að vera með viðburðinn *Strákar og hjúkrun* í maí 2021. Til stendur að halda lifandi og skemmtilega kynningu á fjölbreyttum störfum hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða fyrir stráka í 9. bekk. Markmið verkefnisins er að vekja áhuga stráka á hjúkrunarstörfum, breyta staðalímyndum og fjölga körlum sem leggja fyrir sig hjúkrunarstörf, þannig að árið 2030 séu karlmenn a.m.k. 20% þeirra sem hefja nám í hjúkrunarfræði og á sjúkraliðabrotum. Verkefnið á fyrirmynd sína í átakinu *Stelpur og tækni* sem Háskólinn í Reykjavík hefur haldið undanfarin ár fyrir 9. bekkjar stúlkur með það að markmiði að vekja áhuga þeirra á tækninámi.
- **Þjónusta fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd.** Um 20% af þeim einstaklingum sem leita þjónustu á Landspítala eru af erlendu bergi brotnir. Í þeim hópi eru umsækjendur um alþjóðlega vernd, sem er afar viðkvæmur hópur með flóknar þarfir. Á vormánuðum 2018 var stofnuð nefnd innan Landspítala til að skoða aðkomu spítalans að heilbrigðisþjónustu fyrir þennan hóp. Nefndin mun ljúka starfsemi sinni með fræðsludegi 17. febrúar 2021, þar sem öllum deildum spítalans er boðið að senda fulltrúa sinn. Markmiðið með honum er að tilnefna tengiliði á hverri deild sem þekkja vel til málaflokksins og geta leiðbeint þessum viðkvæma hópi áfram í kerfinu. Hægt er að lesa um verkefnið [hér](#).
- **Fræðsla um heimilisofbeldi.** „[Stöndum saman gegn heimilisofbeldi](#)“ er fræðsluefni ætlað öllum starfsmönnum sem sett var á heimasíðu Landspítalans í lok nóvember. Fræðsluefninu er ætlað að stuðla að vitundarvakningu og aukinni umræðu um þennan erfiða málaflokk. Menntadeild útbjó efnið í samvinnu við þróunarmiðstöð heilsugæslunnar með styrk frá félagsmálaráðuneytinu.
- **Sýn og stefna hjúkrunar á Landspítala.** Ný [sýn og stefna hjúkrunar](#) var samþykkt í Framkvæmdastjórn Landspítala í byrjun ársins en markmið hennar er að samhæfa hjúkrun fyrir allan spítalann og styðja stjórnendur til að efla og þróa hjúkrun til framtíðar. Nánar er hægt að heyra af sýn og stefnu hjúkrunar í [þessu myndbandi](#).



## Sí- og endurmenntun í hjúkrun



- **Starfsþróun hjúkrunarfræðinga.** Menntadeild Landspítala heldur utan um starfsþróunarnámskeið fyrir hjúkrunarfræðinga. Starfsþróun hjúkrunarfræðinga er tengd framgangskerfinu þannig að ljúka þarf ákveðnum námskeiðum til að færast á milli starfsþróunarflokka innan kerfisins. Fjölbreytt námskeið eru í boði, ýmist sem staðnám, fjarnám eða vefnám. Það hefur gefist vel, ekki síst í ár þegar viðhalda þurfti nauðsynlegu námsframboði þrátt fyrir fjöldatakmörkanir og smíthættu. Mörg námskeið, sem venjulega fara fram í staðnámi, voru aðlöguð að fjarnámi eða vefnámi í Eloomi. Greinargóðar upplýsingar um starfsþróunarkerfi fyrir hjúkrunarfræðinga eru á [innri vef Landspítala](#). Upplýsingar um einstök námskeið eru í [námskránni](#) á innri vef en þau eru einnig auglýst á Workplace í hópnum [Hjúkrunarfræðingar og ljósmæður á Landspítala](#).
- **Starfsþróun sjúkraliða.** Menntadeild Landspítala hefur undanfarin ár staðið fyrir sérstökum námskeiðum fyrir sjúkraliða. Starfsþróun sjúkraliða fer að mestu fram á vegum Framvegis, miðstöðvar símenntunar á vegum SFR og Sjúkraliðafélagsins. Þar fyrir utan er mikil þörf fyrir sérstök innanhússnámskeið á Landspítala sem fjalla um ýmis verkefni sem eru mikilvæg á spítalanum. Námskeiðin eru hönnuð með það í huga að sjúkraliðar fái þau metin til launahækkana. Nú eru reglulega í boði þrjár námskeiðsdagar, einu sinni til tvisvar á ári. Upplýsingar um einstök námskeið eru í [námskránni](#) á innri vef en þau eru einnig auglýst á Workplace í hópnum [Sjúkraliðar á Landspítala](#). Sjúkraliðum býðst einnig að taka þátt í þverfaglegum námskeiðum í hermisetri og hafa aðgang að fjölbreyttum vefnámskeiðum í fræðsluferfinu Eloomi.
- **Starfsþróunarár nýútskrifaðra hjúkrunarfræðinga.** Markmiðið með starfsþróunarárinu er að tryggja öryggi sjúklinga og bæta gæði hjúkrunarþjónustu með því að efla þekkingu og færni nýútskrifaðra hjúkrunarfræðinga. Aðlögun þeirra að starfsumhverfi er flýtt með skipulagðri starfsþróun, stuðningi í starfi, vinnusmiðjum, hermikennslu, jafningjastuðningi, vefnámi í Eloomi, fyrirlestrum, umræðufundum, vettvangsheimsóknunum og handleiðslu. Sjötíu nýútskrifaðir hjúkrunarfræðingar byrjuðu á starfsþróunarári á Landspítala haustið 2020 og þeir hafa aldrei verið fleiri. Starfsþróunarárið hefst í júní á móttökudögum, sem haldnir eru

ár hvert með nýútskrifuðum læknum / kandidateitum. Upplýsingar um starfsþróunarárið og hvernig er sótt um eru á [innri vef](#) og á [þessu myndbandi](#).

- **Starfsþróunarár fyrir erlenda hjúkrunarfræðinga.** Hjúkrunarfræðingar sem leggja á sig að flytja til annarra landa vilja helst aðlagast fljótt en allir þurfa tíma til að ná áttum á nýjum stað. Menntadeild var falið að skipuleggja starfsþróunarár fyrir erlenda hjúkrunarfræðinga sem voru nýbyrjaðir á spítalanum til að auka öryggi þeirra í starfi og styrkja grunn að farsælum starfsferli. Starfsþróunarárið hófst í janúar 2020 með 40 þátttakendum. Flestir þeirra stefna að því að fá starfsleyfi á Íslandi og eru því einnig í íslenskunámi. Á starfsþróunarárinu býðst þátttakendum fræðsla í formi fyrirlestra, þeir fá einnig kennslu á rafræn kerfi spítalans, handleiðslu reynds hjúkrunarfræðings, jafningjastuðning og færniþjálfun. Nýtt starfsþróunarár fyrir nýlega ráðna erlenda hjúkrunarfræðinga á Landspítala hefst 1. febrúar 2021. Á annað hundrað erlendir hjúkrunarfræðingar starfa á Landspítala og eru 8% allra hjúkrunarfræðinga sem þar starfa. Til samanburðar voru innflytjendur á Íslandi 15% í september 2020 skv. upplýsingum frá [Hagstofu](#). Mikill fengur er af erlendum hjúkrunarfræðingum sem vilja starfa á Íslandi. Hér á landi sem annars staðar á Vesturlöndum kallar hækkandi meðalaldur og vaxandi fjöldi fólks með langvinna sjúkdóma á stöðugt aukna þörf fyrir mannauð í hjúkrun. Í fjölþjóðlegu umhverfi felast gullin tækifæri til að víkka sjónvildarhorninginn og glæða gagnkvæman skilning fólks með mismunandi bakgrunn.
- **Eloomi - Rafrænt fræðsluferfi.** Menntadeild Landspítala innleiddi árið 2019 danska fræðsluferfið Eloomi. Fjöl mörg starfsþróunarnámskeið eru þar í boði sem vefnám. Vefnám hefur þann kost að hægt er að nálgast námsfernið á netinu þegar hentar og að fylgjast með því á ákjósanlegum hraða. Einnig geta stjórnendur stýrt því hvaða námskeið starfsmenn eiga að taka og séð stöðuna hjá hverjum og einum. Eins og er þarf að stofna aðgang í kerfinu fyrir hvern og einn en í nánustu framtíð munu hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar sjálfvirkt fá aðgang þegar þeir ráða sig inn á spítalann. Til þess að skrá sig inn í fræðsluferfið er notað sama lykilorð og að tölvupósti á Landspítala. Hér er slóðin inn í Eloomi: <https://landspitali.eloomi.com/login>
- **Sérfræðingar í hjúkrun og ljósmóðurfræðum.** Um þessar mundir eru 59 hjúkrunarfræðingar á Landspítala með stöður sérfræðinga í hjúkrun og ljósmóðurfræða. Auk þess eru níu hjúkrunarfræðingar með sérfræðingsleyfi í stjórnendastöðum innan spítalans. Langflestir sérfræðingar starfa við beina þjónustu við sjúklinga en þeir eru einnig virkir í rannsóknum, kennslu, gæðastarfi og þróun og faglegir leiðtogar innan síns sviðs. Til þess að verða sérfræðingur í hjúkrun eða ljósmóðurfræði þarf að hafa meistara- eða doktorspróf á klínísku sérsviði og taka tveggja ára starfsnám til sérfræðingsviðurkenningar með leiðsögn sérfræðings í hjúkrun. Árið 2020 útskrifuðust sjö hjúkrunarfræðingar úr starfsnáminu og vonast er til að fimm hjúkrunarfræðingar og ljósmæður hefji starfsnám nú á næstunni.
- **Sjúkraliðabrá - tilraunaverkefni.** Haustið 2019 bauð Landspítali ófaglærðum starfsmönnum í umönnun að fara í námsleyfi í 15 daga á hverri önn í fimm annir til þess að sækja brúarnám til starfsréttinda fyrir sjúkraliða. Tólf manns frá Landspítala byrjuðu í verkefninu og þegar þetta er skrifað eru tíu þeirra búnir með þrjár annir. Brúarnámið var sérskipulagt í samvinnu við Fjölbrotaskólann í Ármúla og Sjúkraliðafélag Íslands og var helsta nýjungin sú að í stað þess að bóknámið færi fram á kvöldin eða síðdegis, var tekinn heill dagur í viku hverri undir það. Þetta fyrirkomulag hefur gefist mjög vel. Ekki er búið að taka ákvörðun um hvort verkefnið verður endurtekið.

- **Nightingale áskorunin – leiðtogapjálfun.** Landspítalinn tók áskorun Alþjóðasambands hjúkrunarfræðinga, ICN, um að valdefla unga hjúkrunarfræðinga og ljósmæður sem framtíðarleiðtoga í tilefni af 200 ára fæðingarafmæli Florence Nightingale. Næsta kynslóð hjúkrunarfræðinga mun draga vagninn til að þróa fagið til framtíðar með vísindi, menntun og gæðastarf að leiðarljósi. Tuttugu hjúkrunarfræðingar frá 12 deildum á Landspítala tóku þátt í leiðtogapjálfun sem fólst í mánaðarlegum fundum og fyrirlestrum með þekktum leiðtogum innan og utan Landspítala, umræðum um lesefni og heimsókn til Embættis landlæknis. Hér má sjá er kynningarmyndband um Nightingale-áskorunina.



<https://sway.office.com/dqC2CU1nw5xtLHyP#content=oQYTbVJeEpvaz8>

## Verkefni sem efla hjúkrun



Ein af lykiláherslum í [starfsáætlun Landspítala](#) fyrir árin 2019 og 2020 er verkefnið **Efling hjúkrunar**. Markmið þess er m.a. að öðlast yfirsýn yfir verkefni sem eflt geta hjúkrun á spítalanum og aukið öryggi sjúklinga. Framkvæmdastjórn spítalans myndaði stýrihóp utan um verkefnið og hópar af sviðunum unnu tillögur að fjölmörgum stórum og smáum verkefnum til að bæta og efla hjúkrun á Landspítala. Verkefni eru unnin víða um spítalann og hér er greint frá nokkrum þeirra:

- **Hæfnistjórnun.** Verið er að vinna tillögur að hæfniviðmiðum fyrir allar starfslýsingar hjúkrunar og leggja grunn að vinnu fagraða fyrir allar sérgreinar. Hæfnistjórnun er öflugt tæki til að vinna að markvissri starfsþróun hjúkrunarfræðinga, meiri gæðum í hjúkrun og auknu öryggi sjúklinga. Bráðamóttakan hefur síðustu ár innleitt slíkt kerfi með góðum árangri. Vonast er til að geta unnið að þessu verkefni árið 2021.
- **Hjúkrunarþyngdarmælingar.** Nýtt hjúkrunarþyngdarmælitæki innan RAFAELA kerfisins verður tekið í notkun á næsta ári, innleiðing þess hefst á líknardeild og gjörgæsludeildum. Mælitækið verður hægt að nota við flokkun sjúklinga á vefrænum legudeildum, dag- og göngudeildum. Einnig er stefnt að því að ljúka við þýðingu á nýju mælitæki fyrir geðdeildir sem ætlað er til sólarhrings flokkunar á legudeildum geðþjónustu, einnig verður hægt að nota það á dag- og göngudeildum geðþjónustu.
- **Miðstöð um sjúklingafræðslu.** Árið 2019 var stefna frá 2008 um sjúklingafræðslu og þátttöku sjúklinga og aðstandenda í meðferð endurskoðuð og samþykkt í framkvæmdastjórn, [sjá hér](#). Í kjölfar þess var ákveðið að stofna *Miðstöð um sjúklingafræðslu* á Landspítala sem tók til starfa síðla árs 2020. Markmið miðstöðvarinnar er meðal annars að samræma og stýra miðlun sjúklingafræðslu og innleiða gagnreyndar aðferðir í þjónustu spítalans sem styðja við nám sjúklinga og aðstandenda og taka tillit til heilsulæsis þeirra.
- **Þrýstingssáravarnir á Landspítala.** Þverfaglegur hópur vinnur að þrýstingssáravörnum innan Landspítala. Annað hvert ár er framkvæmd gæðarannsókn á þrýstingssárum á spítalanum og kom í ljós 2019 að 13,9% sjúklinga voru með þrýstingssár á einum tilteknum degi, en tveimur árum fyrr var tíðnin 13,4%. Til þess að fækka þrýstingssárum hjá sjúklingum er verið að innleiða á deildir spítalans gagnreynt hjálpartæki sem heitir HAMUR. HNE, lýta og æðaskurðeildin (A4) náði á árinu þeim merka áfanga að vera með 108 daga án nýmyndunar þrýstingssára, en HAMUR var innleiddur þar fyrir nokkru síðan. Deildin fékk einnig viðurkenningu árið 2019 en þá var [þetta myndband](#) tekið. Í upphafi næsta árs verður byrjað með innleiðingu á HAMUR á Landakoti og svo fylgir innleiðing á fleiri deildum í kjölfarið. Þverfaglegi hópurinn er einnig að vinna að kennslumyndbandi um húðskoðun, þarfagreiningu á búnaði sem varnar myndun þrýstingssára, endurskoðun skráningar og fræðsluefni fyrir sjúklinga og aðstandendur. Í byrjun desember var haldið málþing um þrýstingssáravarnir en hægt er að horfa á það á Workplacesíðu um þrýstingssáravarnir eða [hér](#).
- **Byltuvarnir á Landspítala.** Þverfaglegur hópur vinnur að skipulagningu og fræðslu vegna byltuvarna sjúklinga á Landspítala. Um þessar mundir er unnið að hönnun nýs umhverfismats fyrir deildir. Jafnframt er verið að leggja lokahönd á ný gæðaskjöl til að skerpa verklag við byltuvarnir fyrir sjúklinga á deildum. Auk þess hefur hópurinn birt rafrænt námskeið fyrir starfsfólk í Eloomi og gert [fræðslubækling fyrir sjúklinga](#). Haldið var upp á alþjóðlega byltuvarnarviku 21.-27. september 2020 en þá var opnuð [vefsíða með fræðsluefni fyrir fagfólk og almenning um byltur og byltuvarnir](#). Byltur er algengasta ástæða þess fólk sem er 67 ára eða eldra leitar aðstoðar á Landspítala. Því miður eru þess einnig dæmi að sjúklingar hrasa eða detti innan spítalans og að það leiði til lengri legu og verri líðanar. Fjöldi byltna hjá sjúklingum árið 2019 var 4.5 á 1000 legudaga en lokatölur fyrir árið 2020 eru ekki komnar.
- **Öryggisinnlit.** Nokkrar deildir á Landspítala hafa innleitt öryggisinnlit til sjúklinga en mikilvægt þótti að samræma vinnubrögð milli deilda og vann vinnuhópur að nýjum gátlista á árinu, sjá á innri vef, [öryggisinnlit í gæðahandbók](#). Markmið verkefnisins er að auka öryggi



sjúklinga, en öryggisinnlit er skilgreint sem skipulagt ferli hjúkrunar á sjúkrahúsum þar sem framkvæmt er reglulegt og staðlað innlit til að fylgjast með nokkrum „póstum“. Á árinu 2021 er áætlað að byrja markvissa innleiðingu á deildum spítalans.

- **Óráð.** Þverfaglegur hópur um óráð sjúklinga birti á árinu [fræðslumyndband um óráð](#). Á Workplace er umræðuhópur sem heitir [Vitundavakning um óráð](#) og einnig er til opin fræðslusíða, [Óráð er óráð](#) en hún er fyrir fagfólk og almenning.
- **Yfirsetumál á Landspítala.** Nýtt fyrirkomulag varðandi yfirsetumál hefur verið innleitt á Landspítala en skipulagið hefur verið fært yfir til deildarstjóra öryggis- og réttargeðeildarinnar. Búið er að ráða fasta starfsmenn í yfirsetu og fá þeir þjálfun við hæfi. Starfsmenn í yfirsetu sitja yfir þeim sjúklingum sem eru í hættu á að skaða sig t.d. vegna óráðs. Pantanir á yfirsetu fara í gegnum *Heilsugátt* milli kl. 8-16 en þess utan er sérstakur vaktstími 620-1641. [Hér má sjá myndband](#) af því þegar starfsmenn fengu sérstaka þjálfun vegna yfirsetu hjá Covidsjúklingum í byrjun faraldurs. Áætlað er að á næsta ári verði regluleg fræðsla til að sérhæfa þá einstaklinga sem sinna þessu veigamikla hlutverki.
- **Handbók fyrir ritara á deildum.** Mikil þörf var á nýrri handbók fyrir ritara á deildum og kláraði hópur heilbrigðisritara gerð slíkrar handbókar, sem vistuð er í Gæðahandbók Landspítala, sjá á innri vef [Ritarar á legudeildum – handbók](#).
- **Þráðlaus vörpun lífsmarka úr sjúkraskrá.** Verkefnið snerist um að láta lífsmörk úr 43 lífsmarkamælitækjum varpast um þráðlaust net spítalans í sjúkraskrá sjúklings. Við innleiðinguna er verið að spara u.þ.b. 82 klst. á sólarhring (miðað við 43 mæla) í skráningarvinnu heilbrigðisstarfsmanna sem mæla og skrá lífsmörk og tryggja skilvirkara verkferli. Tilgangur verkefnisins er að auka tímanleika, réttmæti og gæði gagna í sjúkraskrá jafnframt því að fría tíma heilbrigðisstarfsmanna sem eru af skornum skammti. Mikil eftirvænting er á öðrum deildum spítalans að fá mæla með þessa möguleika en útboð er í gangi og eftir að því líkur verður hafist handa við að innleiða verklagið á þær deildir spítalans sem ekki var innleitt á í fyrsta fasa.
- **Skönnun blóðhluta.** Strikamerkt armbönd voru innleidd á Landspítala fyrir um fimm árum síðan. Við það opnuðust möguleikar á að nýta þau til skönnunar til að tryggja örugga auðkenningu sjúklinga. Fljótlega eftir þá innleiðingu var mögulegt að skanna blóðhluta til að tryggja að sjúklingar fái rétt blóð. Í breytingunni felst einnig vinnuhagræðing þar sem einn hjúkrunarfræðingur getur sinnt verkinu í stað tveggja sem þurftu að samlesa samkvæmt gamla verklaginu. Innleiðing er enn í gangi. Auk þess er nú þegar hægt að skanna blóðgasasýni á gjörgæslum en möguleikarnir á að nýta skönnun eru óþrjótandi s.s. við blóðtökur, lyfjagjafir o.s.frv.
- **Skýrslur um hjúkrun.** Vinna er í gangi er snýr að uppbygginu skýrslu í *Vöruhúsi gagna* fyrir stjórnendur í hjúkrun. Í skýrslunni er gögnum safnað saman víða úr skráningarkerfum og sjúkraskrá til að auka yfirsýn yfir starfsemi og gæði þjónustu á deildum spítalans. Fyrsta útgáfa af skýrslunni er tilbúin en síðar verður bætt við fleiri starfsemis- og gæðavísimum bæði almennum og sértækum.
- **Innleiðing ICNP í rafræna sjúkraskrá.** Framundan er innleiðing á nýju alþjóðlegu flokkunarkerfi hjúkrunar í rafræna sjúkraskrá og er undirbúningur þegar hafinn. Það flokkunarkerfi tekur við af flokkunarkerfum NANDA og NIC sem hafa verið í notkun á Íslandi í áratugi. Í þessu nýja flokkunarkerfi bætast við útkomumælingar sem vonir standa til að eigi eftir að gefa mikla möguleika á að meta framlag hjúkrunar til bata sjúklinga á hlutlægan hátt.

Mikil vinna er framundan s.s. upplýsingatæknilegar og að byggja upp nýtt faglegt innihald, sem krefst aðkomu fjölmargra hjúkrunarfræðinga á Landspítala.

- **Kennsla á rafræn kerfi.** Fyrstu kennslumyndböndin um skráningu í sjúkraskrárkerfi eru nú aðgengileg í rafræna fræðslukerfinu Eloomi fyrir hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða með aðgang. Verið er að hanna aðgengilegan kennsluvef um skráningu og notkun sjúkraskrárkerfa fyrir fagfólk og nemendur. Um verður að ræða hagnýtt vefnám, aðallega á formi myndbanda. Þeir sem hafa áhuga á að leggja verkefninu lið, hafið samband við skipuleggjanda, [asthildg@landspitali.is](mailto:asthildg@landspitali.is)

